

Auglýsing

um birting stjórnarvaldaauglýsinga í blaðinu Þjóðólfi.

Frá 1. apríl 1903 skal um 3 ára tímabil, nema uppsögn eigi sjer stað, birta í blaðinu Þjóðólfi, sem út kemur í Reykjavík, auglýsingar þær, sem ræðir um í opnu brjefi 27. maí 1859, um breytingar á reglum þeim, er gilda á Íslandi um auglýsingar í blöðunum í vissum tilfellum, og eptir auglýsingu minni 30. desbr. 1886, átti að birta í blaðinu Ísafold, þangað til öðru vísi yrði kveðið á um.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutadeigendum til eptirbreytni.

Reykjavík, 9. janúar 1903.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Arsreikningur

fyrir styrktarsjóð lyfsala E. Tvede frá marz 1902 til marz 1903.

40

Tekjur :

1. Höfuðstóll styrktarsjóðsins í Söfnunarsjóði	kr. 1002 45
2. Vextir 1902	— 40 10
	Tekjur samtals kr. 1042 55

Gjöld:

1. Utborgað til hr. Sigtryggs Sigurðssonar	kr. 39 09
2. Höfuðstóll	— 1003 46
	Jöfnuður kr. 10042 55

Reykjavík 5. marz 1903.

Michael L. Lund.

Embættaveiting, skipun og lausn.

a. Lausn.

18. marz var prestinum að Breiðabólstað á Skógarströnd Jósef Kr. Hjörleifsson af landshöfðingja veitt lausn frá prestskap sökum heilsubreysts og með lögmæltum eptirlaunum, frá fardögum 1903 að telja.